

Nd.

154. Frumvarp til laga

[8. mál]

um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geisla-tækjum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. des.)

1. gr.

Enginn má eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi geislavirk efni, hvort sem þau eru ómenguð, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, né heldur tæki, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla (röntgengeisla, gammageisla, betageisla, elektrónugeisla, alfageisla, nevtrónugeisla og aðra efnisgeisla), nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. veitir ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, að fengnum meðmælum landlæknis. Umsóknir um leyfi þessi skulu rituð á sérstök eyðublöð, er ráðherra lætur gera.

3. gr.

Eigi þarf leyfi samkvæmt lögum þessum til að eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi eftirtalin geislavirk efni og tæki, enda sé geislun frá þeim eigi hærrí en ákveðið er með reglugerð á hverjum tíma:

1. Úraníum og efni, sem innihalda úraníum, svo og efni, er innihalda ekki yfir tíu hundradshluta af þóríum miðað við þunga, svo fremi að efni þessi hafi ekki með sérstakri meðferð verið auðguð að geislavirkum efnum fram yfir það, sem verður við eðlilegar kjarnabreytingar í jafnvægi.

2. Geislavirk frumefni í eðlilegu ástandi, þau sem ekki tilheyra úraníum-, radíum-, úraníum-aktíníum- og þóríum-efnaflokkunum, svo og efnasambönd þessara frumefna, enda innihaldi þau ekki meira af geislavirkum ísótópum en gerist um efni þessi í náttúrunni.

3. Sjálflýsandi úr, vasaáttavita, mæla og önnur þess konar tæki, sem innihalda lítið magn af geislavirkum efnum.

4. Ratsjár, sveiflusjár, sjónvarpstæki, sendilampa og rafeindasjár og önnur slík tæki, enda séu þau eigi ætluð til að framleiða jónandi geisla.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð skoðunargjöld fyrir eftirlit samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hann setur og reglur um nauðsynlegar öryggisráðstafanir um geymslu, notkun, framleiðslu, flutning og aðra meðferð geislavirkra efna og geisla-tækja og um eftirlit með því, að gætt sé hinna boðnu öryggisráðstafana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú finnast geislavirk efni eða geislatæki, sem leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum, en slík leyfi skortir, skulu þá efnin og tækin vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sérhver sá, sem á eða hefur undir höndum geislavirk efni eða geislatæki, þau er leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum samkv. 1. gr., sbr. 3. gr., skal innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara hafa sótt um tilskilin leyfi.